

SKILMÁLAR FYRIR TENGINGU VIÐ VATNSVEITU

Upplýsingar fyrir húsbyggjendur



HEIMÆÐ

Heimæðar fyrir kalt vatn eru dregnar í ídráttarrör sem húseigandi annast lagningu á. Orkuveitan dregur heimæð í ídráttarrör, setur upp tengigrind og tengir við veitukerfi.

Hönnuður ákvarðar stærð heimæðar m.t.t. vatnsþarfar í samráði við Orkuveituna. Fyrir fjölbýlishús er fjöldi íbúða lagður til grundvallar.

Önnur notkun er skilgreind af hönnuði, meðalrennsli og hámarksrennsli. Orkuveitunni er heimilt að gera athugasemd við val hönnuðar á stærð ef um er að ræða frávik frá reynslutölum og krefjast frekari hönnunargagna.

Lögð er ein heimæð í hvert hús frá götulögn og inn fyrir húsvegg að inntakslöka. Húseigandi greiðir allan kostnað við viðbótarheimæð eða breytingu á heimæð.

Vatnsgjald fyrir heimilisnotkun er innheimt með fasteignagjöldum samkvæmt reglugerð.

Vatn til atvinnurekstrar ber til viðbótar auka- vatnsgjald mælt um rennismæli eða áætlað þar sem mælingu verður ekki við komið.

SKILMÁLAR
KALT VATN

ÍDRÁTTARRÖR Á LÓÐUM

Húseigandi lætur leggja ídráttarrör fyrir kaldvatnsheimæð frá tengistað við lóðarmörk og inn í hús. Tengistútur vatnslagnar er alla jafna einum metra innan lóðarmarka.

Hönnuður ákveður legu og þvermál ídráttarrörs sem vera skal af gerðinni PEH PN6.

Hafi húseigandi ekki lagt ídráttarrör þegar óskað er eftir tengingu heimæðar, getur hann óskað eftir því að Orkuveitan annist lagningu þess gegn greiðslu.

Ef ídráttarrör sem húseigandi lagði er ekki ídráttarhæft fyrir heimæðina ber umsækjandi kostnað af lagfæringu þess. Greiðsla fyrir efni og vinnu er samkvæmt skilmálum og verðskrá Orkuveitunnar.

HEIMÆÐAR OG ÍDRÁTTARRÖR

Heimæð	Ídráttarrör
32 mm	50 mm
40 mm	63 mm
50 mm	75 mm
63 mm	90 mm
75 mm	110 mm
90 mm	140 mm

FRÁGANGUR ÍDRÁTTARRÖRS


Tryggja verður að auðvelt sé að draga heimæðina í og úr ídráttarrörinu. Í inntaksrými verður ídráttarrör að koma lárétt inn úr vegg eða lóðrétt upp úr gólfi. Endar skulu vera lokaðir og innmældir áður en þeir eru huldur.

Ótraustan jarðveg í skurðbotni verður að styrkja og þjappa. Ídráttarrörið er síðan lagt ofan á 150 mm þjappað sandlag og fyllt með 200 mm sandlagi yfir og umhverfis rörið. Jarðvegsþekja ofan á ídráttarrör skal vera minnst 1,2 m.

Lárétt fjarlægð milli fráveitu- og vatnslagnar skal vera 0,5 m hið minnsta og vatnslögn ávallt fyrir ofan fráveitulögn.

Orkuveitan sér um úttekt á ídráttarröri og frágangi áður en hulið er, húseiganda að kostnaðarlausu. Þanta þarf úttekt með dags fyrirvara hjá umsjónarmönnum Heimlagna Orkuveitunnar.

Þversnið



ÍDRÁTTARRÖR INN Í HÚS

Almennt er ídráttarrör lagt inn í hús frá tengistað við lóðarmörk, ef:

- Ídráttarrörið kemur inn um kjallaravegg og heimæð er $\varnothing 63$ mm eða minni
- Ídráttarrörið er sveigt upp úr gólfi og heimæð er $\varnothing 40$ mm eða minni
- Ídráttarrörið er sveigt upp úr gólfi, heimæð er $\varnothing 50$ mm og tengigrind er í stefnu heimæðar, þar sem hún kemur inn í hús


Heimæðar sem liggja undir gólfplötu eiga alltaf að vera í ídráttarröri.

Orkuveitan dregur heimæð í ídráttarrör, þéttir með endum, setur upp inntaksgrind og hleypir vatni á.

Heimæðar stærri en $\varnothing 90$ mm eru ekki dregnar í ídráttarrör, nema við sérstakar aðstæður eins og t.d. ef heimæð liggur undir mannvirki.

Þar sem aðstæður leyfa ekki að ídráttarrör sé lagt inn í hús leggur húseigandi ídráttarrör að húsvegg. Orkuveitan leggur þá galvanhúðað stálrör í gegnum vegg og setur upp tengigrind. Húseigandi sér til þess að göt séu í sökkli og plötu eða kjallaravegg ef það á við. Þess skal gætt við staðsetningu gata að jarðvegsþekja ofan við vatnslögn við húsvegg sé ekki minni en 1,2 m.

Langsnið



● INNTAKSRÝMI OG TENGIFLÖTUR

Inntakslöki skal vera við útvegg og inntaksrými í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar. Heimæð verður ekki lögð fyrr en tryggt er að inntaksrými sé frostfritt og lökið sé við að tengja niðurfall í gólfi.


Ef mælar eru settir upp í inntaksrými á það að vera upplýst og með góðri loftræslu. Þar sem fyrirhugaðir eru tveir eða fleiri mælar berað hafa samráð við Orkuveituna um frágang og auknið veggrymi.

Stærð tengiflatar samkvæmt eftirfarandi töflu miðast eingöngu við hluta Orkuveitunnar, ekki innanhússkerfi og þarf húseigandi að gera ráð fyrir auknu rými. Ef tæmingarloki, þrýstimælir, hitamælir og stofnlöki húseiganda eru í beinu framhaldi tengigrindar bætast 0,4 m við lengdir í töflu. Rýmisþörf fyrir tæknibúnað húseiganda (t.d. vatnsúðakerfi) getur aukið verulega stærð inntaksklefa.

HEIMÆÐAR OG TENGIFLÖTUR


Þvermál lagna	Lengd tengiflatar	Hæð tengiflatar
að 50 mm	1,0 m	0,5 m
að 90 mm	1,7 m	0,6 m

Inntaksrými



Inntaksgrind

- 1 Inntakslöki
- 2 Sía
- 3 Einstreymislöki



● BRÁÐABIRGÐATENING Á BYGGINGARTÍMA

Húseigendur geta fengið eftirfarandi bráðabirgðatengingar við dreifikerfi vatnsveitu á byggingartíma gegn föstu gjaldi:


Byggingarvatn

Orkuveitan setur upp tvívirkan tengi- og tæmingarloka með spindli á tengistað við lóðarmörk. Settur er kúlulöki á rör, sem nær upp úr jörðu, fyrir slöngutengingu.

Vinnuskúravatn

Ef óskað er eftir tengingu á vatni í vinnuskúr, setur Orkuveitan upp tvívirkan tengi- og tæmingarloka með spindli á tengistað við lóðarmörk. Húseigandi sér um bráðabirgðalögn frá tengiloka í vinnuskúr. Gæta skal þess að lögnin sé frostfrí.

Orkuveitan sér um uppsetningu loka og fjarlægir þá við tengingu varanlegrar heimæðar. Lokarnir eru í eigu Orkuveitunnar en á ábyrgð húseiganda á notkunartíma.



● ALMENNT UM ÞRÝSTING

Þrýstingur er mjög mismunandi í dreifikerfinu en þar ræður mestu þéttleiki byggðar og hæðarlega og einnig má gera ráð fyrir breytilegum þrýstingi við inntak eftir álagi á veituna.


Rekstur dreifikerfis miðast við eðlilegar aðstæður og er stefnt að því að þrýstingur við inntak sé minnst 2 bar og mest 7 bar m.v. venjulegt rennsli.

Hönnuðir geta leitað nánari upplýsinga hjá Orkuveitunni, Dreifing – kalt vatn.

● GÆÐI VATNS

Orkuveitan starfar eftir gæðastöðlum þar sem gæði og hreinleiki vatnsins eru í fyrirrúmi. Hönnuðir og lagnamenn eru minntir á að rangt fyrirkomulag innanhúslagna getur haft áhrif á gæði vatnsins.

Nánari upplýsingar um gæði og efnainnihald vatnsins er að finna á heimasíðu Orkuveitunnar, www.or.is.



AFGREIÐSLA OG UPPLÝSINGAR

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Orkuveitunnar www.or.is. Þá eru starfsmenn Orkuveitunnar reiðubúnir að veita nánari upplýsingar.

Afgreiðslan í Reykjavík að Bæjarhálsi I er opin virka daga frá kl. 08:30 til kl. 16:00.

AÐRIR AFGREIÐSLUSTAÐIR:

Reykjavík	Bæjarhálsi I	sími 516 6000	fax 516 6408
Akranes	Dalbraut 8	sími 516 7310	fax 431 5044
Borgarnes	Sólbakka 15	sími 516 7330	fax 437 2075
Stykkishólmur	Hamraendum 2	sími 516 7380	
Grundarfjörður	Grundargötu 30 (afgr. hjá bæjarskrifst.)	sími 430 8500	

